



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bygg@vestmannaeyjar.is
Re: Eyjar, ask-gögn til kynningar á vinnslustigi - til Náttúrufræðistofnun Íslands
Sent: 23.06.2017 11:22:21 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017050033, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017050033

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vestmannaeyjabæ, dags. 23. maí sl., þar sem kynnt er tillaga að aðalskipulagi á vinnslustigi og óskað eftir umsögnum og ábendingum.

Náttúrufræðistofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili skv. 68. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda." Þar sem Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag hefur stofnunin og löggjafinn ekki getað gert ráð fyrir mannafla hjá stofnuninni til að rýna tillögur sveitarfélaga að aðalskipulagi. Engu að síður vill stofnunin koma með nokkrar almennar ábendingar eftir að hafa farið yfir gögn málsins þó ekki hafi unnist tími til að skoða tillögurnar ítarlega. Hafi Vestmannaeyjabær áhuga á að leita til stofnunarinnar um álit á einstökum þáttum við frekari vinnslu skipulagsins verður reynt að bregðast við því eftir bestu getu. Í eftirfarandi ábendingum mun Náttúrufræðistofnun leggja áherslu á ábendingar sem varða náttúrufar og náttúruvernd.

Almennt má segja að í skipulagstillögunum er tekið á flestum þeim þáttum sem skipulag þarf að fjalla um og hefðbundin skipulagskort fylgja. Minna fer hins vegar fyrir kortum sem lýsa náttúruferð og skipulagið ætti að byggja á að hluta. Vel mætti hafa kort sem sýndu helstu fuglabýggðir, í það minnsta í Heimaey þar sem álag af mannvöldum er mest, og þá jafnvel kort sem einnig sýndi helstu fuglasvæði á sjó umhverfis Heimaey. Einnig mætti sýna vistgerðakort og kort af hraunum og öðrum jarðminjum. Með þessum kortum fengist yfirlit yfir náttúru Heimaeyjar.

Eins og kemur fram í skipulaginu hefur lengið staðið til að vernda fuglalíf í eyjunum en ekki hefur náðst að ljúka við þá friðlýsingu af óljósum ástæðum. Hér er fyrst og fremst um að ræða vernd sem á að tryggja vernd fuglastofna þ.e. að ekki sé farið í framkvæmdir eða rekstur sem ganga á fuglastofna hvort sem um er að ræða eyðingu búsvæða eða óbein áhrif s.s. vegna mengunar. Í raun metur Náttúrufræðistofnun það þannig að vegna mikilvægis eyjanna fyrir fuglalíf og t.d. smæðar Heimaeyjar, aukinnar uppbyggingar þar, og nú á síðustu árum álags vegna ferðaþjónustu, ætti að skoða hvort ekki sé heppilegra að „vernda“ þær í heild og þá litið á allar framkvæmdir og rekstur sem undanþágu frá verndinni. Þannig að í stað þess að sýna fram á nauðsyn verndar þyrfti að sýna fram á nauðsyn framkvæmda eða reksturs. Það væri verðugt verkefni fyrir Vestmannaeyjabæ að skoða þessa nálgun en sveitarfélagið á í raun allt undir því að lífríki og menning þrífist í eyjunum og við þær til framtíðar. Þessi nálgun krefst auðvitað samstarfsvilja þannig að það náist samvinna um ólíka hagsmuni en vinna við aðalskipulag er einmitt góður vettvangur fyrir slíkt. Sem dæmi má nefna að ef horft er á kort um hverfisvernd og vernd strandlengju Heimaeyjar þá njóta sum svæði verndar en önnur ekki (þ.e. fyrir utan svæði sem eru nýtt nú þegar) t.d. er engin vernd á Brimurð og Ræningjatanga. Á eyju sem ekki er stærri er ströndin í raun allstaðar mikilvæg og því eðlilegt að allar framkvæmdir við ströndina séu frávik frá vernd. Þessi nálgun ætti ekki að koma í veg fyrir eðlilega uppbyggingu.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að ládst hefur að uppfæra tilvísun í ný lög um náttúruvernd

nr. 60/2013, sjá bls. 5 í umhverfisskýrslu.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði skoðað hvernig væntanlegt aðalskipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun er ljóst að þessi viðmið hafa upp að vissu marki verið skoðuð í skipulagsvinnunni hingað til en mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t allra framangreindra lagagreina þó þær eigi ýmist við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni og afstaða til þess hvaða áhrif skipulagið hefur á náttúru eyjanna byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við skipulagstillöguna á þessu stigi.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 23.05.2017 09:26:48
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Eyjar, ask-gögn til kynningar á vinnslustigi - til Náttúrufræðistofnun Íslands

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 23.05.2017 09:26 -----

From: Sigurður Smári Benonýsson <bygg@vestmannaeyjar.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 23.05.2017 09:24
Subject: Eyjar, ask-gögn til kynningar á vinnslustigi - til Náttúrufræðistofnun Íslands

Góðan daginn

Kynning skipulagstillögu á vinnslustigi að nýju aðalskipulagi Vestmannaeyja

Skipulagsráð Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum 25. apríl 2017 að kynna tillögu á vinnslustigi að Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Skipulagstillagan samanstendur af greinargerð, skipulagsuppdráttum og umhverfisskýrslu.

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 tekur við af Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014. Í nýja aðalskipulaginu kemur fram stefna bæjarins um samfélagið, atvinnulíf, náttúru og grunnkerfi bæjarins. Í aðalskipulaginu er líka sett fram rammaskipulag um ferðaþjónustu.

Hlutverk kynningar á vinnslustigi er að gefa upplýsingar um tillöguna og gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum, áður en aðalskipulagstillagan verður auglýst formlega.

Á eftirfarandi slóð gefur að finna kynningargögn; greinargerð, umhverfisskýrslu, þéttbýlisuppdrátt og sveitarfélagsuppdrátt og allar frekari upplýsingar um verkefnið

<http://vestmannaeyjar.is/is/page/skipulagsmal>

Óskað er eftir því að umsagnir og ábendingar berist í síðasta lagi 21 júní

n.k. á netfang bæjarins 900skipulag@gmail.com eða til umhverfis-og framkvæmdasviðis Skildingavegi 5.

kv.

Sigurður Smári Benónýsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Planning and building manager
bygg@vestmannaeyjar.is

Vestmannaeyjabær.

Umhverfis-og framkvæmdasvið.
Skildingavegi 5.
+354 4882530
+354 8965034
www.vestmannaeyjar.is

-----Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html>) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður.
This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.